

## AUGLÝSING

### **um gerðir sem fela í sér breytingar á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.**

Hinn 23. júlí 2001 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á eftirfarandi gerðum ráðs Evrópusambandsins frá 28. maí 2001 sem fela í sér breytingar á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna frá 18. maí 1999, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur:

ákvörðun ráðsins um breytingu á V. og VI. hluta og 13. viðauka við Sameiginlegu fyrirmælin um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa og á 6. viðauka a við Sameiginlegu handbókina að því er varðar vegabréfsáritanir til langrar dvalar sem gilda samhliða sem vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar,

reglugerð ráðsins um fjálsa för þeirra er hafa vegabréfsáritun til langrar dvalar,

tilskipun ráðsins um gagnkvæma viðurkenningu á ákvörðunum um brottvísun borgara þriðju ríkja.

Breytingarnar öðluðust gildi að því er Ísland varðar 23. júlí 2001.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari, reglugerðin sem fylgiskjal 2 og tilskipunin sem fylgiskjal 3.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 25. júlí 2001.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*

**Fylgiskjal 1.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS**  
**frá 28. maí 2001**  
**um breytingu á V. og VI. hluta og**  
**13. viðauka við Sameiginlegu fyrirmælin um**  
**vegabréfsáritanir til sendiráða og**  
**ræðisskrifstofa og 6. viðauka a við**  
**Sameiginlegu handbókina að því er varðar**  
**vegabréfsáritanir til langrar dvalar sem gilda**  
**samhliða sem vegabréfsáritanir til stuttrar**  
**dvalar.**  
**(2001/420/EB)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,  
með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 789/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem ráðinu er áskilið framkvæmdarvald að því er varðar tiltekin, ítarleg ákvæði og hagnýt atriði við meðferð umsókna um vegabréfsáritun <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 790/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem ráðinu er áskilið framkvæmdarvald að því er varðar tiltekin, ítarleg ákvæði og hagnýt atriði er varða framkvæmd eftirlits á landamærum <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Frakklands,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að breyta Sameiginlegu fyrirmælunum um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa og Sameiginlegu handbókinni til þess að auðvelda beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1091/2001 frá 28. maí 2001 um fjálsa för þeirra sem hafa vegabréfsáritun til langrar dvalar <sup>(3)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi byggist á Schengen-gerðunum, í samræmi við bókunina sem fellir þær inn í ramma Evrópusambandsins, eins og mælt er fyrir um þær í viðauka A við ákvörðun ráðsins 1999/435/EB frá 20. maí 1999 um skilgreiningu Schengen-gerðanna til að ákvarða, í samræmi við viðeigandi ákvæði stofnsáttmála Evrópubandalagsins og sáttmálans um Evrópusambandið, lagagrundvöll hvers og eins af ákvæðunum eða ákvörðunum sem gerðirnar samanstanda af <sup>(4)</sup>.
- 3) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr.

(1) Stjtuð. EB L 116, 26.4.2001, bls. 2.

(2) Stjtuð. EB L 116, 26.4.2001, bls. 5.

(3) Stjtuð. EB L 150, 6.6.2001, bls. 4.

(4) Stjtuð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 1.

**COUNCIL DECISION**  
**of 28 May 2001**  
**on the adaptation of Parts V and VI and**  
**Annex 13 of the Common Consular**  
**Instructions on Visas and Annex 6a to the**  
**Common Manual with regard to long-stay**  
**visas valid concurrently as short-stay visas**  
**(2001/420/EC)**

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,  
Having regard to Council Regulation (EC) No 789/2001 of 24 April 2001 reserving to the Council implementing powers with regard to certain detailed provisions and practical procedures for examining visa applications<sup>(1)</sup>,

Having regard to Council Regulation (EC) No 790/2001 of 24 April 2001 reserving to the Council implementing powers with regard to certain detailed provisions and practical procedures for carrying out border checks and surveillance<sup>(2)</sup>,

Having regard to the initiative of the French Republic,

Whereas:

- (1) It is necessary to adapt the Common Consular Instructions on Visas and the Common Manual in order to facilitate the application of Council Regulation (EC) No 1091/2001 of 28 May 2001 on freedom of movement with a long-stay visa<sup>(3)</sup>.
- (2) This Decision builds on the Schengen acquis, in accordance with the Protocol integrating it into the framework of the European Union, as laid down by Annex A to Council Decision 1999/435/EC of 20 May 1999 concerning the definition of the Schengen acquis for the purpose of determining, in conformity with the relevant provisions of the Treaty establishing the European Community and the Treaty on European Union, the legal basis for each of the provisions or decisions which constitute the acquis<sup>(4)</sup>.
- (3) In accordance with Articles 1 and 2 of the

(1) OJ L 116, 26.4.2001, p. 2.

(2) OJ L 116, 26.4.2001, p. 5.

(3) See page 4 of this Official Journal.

(4) OJ L 176, 10.7.1999, p. 1.

bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessa gernings og er því ekki bundin af honum eða beitingu hans. Þar eð þessari ákvörðun er ætlað að þróa Schengen-gerðirnar, samkvæmt ákvæðum IV. bóls stofnsáttmála Evrópubandalagsins, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, ber Danmörku að ákveða, innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt ákvörðun þessa, hvort hún verði tekin upp í landslög.

- 4) Að því er lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á Schengen-gerðunum í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og þessi tvö ríki gerðu með sér 18. maí 1999<sup>(5)</sup>.
- 5) Breska konungsríkið og Írland munu ekki, í samræmi við 1. gr. bókunarinnar um afstöðu Breska konungsríkisins og Írlands sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, taka þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar. Þar af leiðandi, og með fyrirvara um ákvæðin sem um getur í 4. gr. þeirrar bókunar, gilda ákvæði þessarar ákvörðunar hvorki að því er Írland né Breska konungsríkið varðar.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Í stað þriðju undirgreinar þáttar 2.3 í V. hluta Sameiginlegu fyrirmælanna um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa komi eftirfarandi:  
„Við útgáfu samræmdra vegabréfsáritana og vegabréfsáritana til langrar dvalar, sem gilda samhliða sem vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar, til handa umsækjendum úr þeim flokkum, sem skráðir eru í 5. viðauka B og falla undir samráð við miðlægt yfirvald - utanríkisráðuneytið eða aðra stofnun - (2. mgr. 17. gr. samningsins), skal fylgja þeirri málsmeðferð sem lýst er hér á eftir.“

##### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á VI. hluta Sameiginlegu fyrirmælanna um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa:

Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not participating in the adoption of this instrument, and is therefore not bound by it or subject to its application. Given that this Decision aims to build upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of the Treaty establishing the European Community, Denmark shall, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide within a period of six months after the Council has adopted this Decision whether it will transpose it into its national law.

- (4) As regards the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, this Decision constitutes a development of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded on 18 May 1999 by the Council of the European Union and those two States<sup>(5)</sup>.
- (5) Pursuant to Article 1 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Ireland and the United Kingdom are not participating in the adoption of this Decision. Consequently, and without prejudice to the provisions referred to in Article 4 of the Protocol, the provisions of this Decision apply neither to Ireland nor to the United Kingdom,

#### HAS ADOPTED THIS DECISION:

##### Article 1

The third subparagraph of section 2.3 of Part V of the Common Consular Instructions on Visas shall be replaced by the following:

“In cases where the applicants come under the categories listed in Annex 5B subject to consultation with a central authority - of the Ministry of Foreign Affairs or of another body - (Article 17(2) of the Convention), uniform visas and long-stay visas valid concurrently as short-stay visas shall be issued according to the procedure outlined below.”

##### Article 2

Part VI of the Common Consular Instructions on Visas is hereby amended as follows:

(5) Stjútíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

(5) OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.

1. Í annarri undirgrein í þætti 1.1 varðandi reitinn „gildir fyrir“:
  - a) í stað inngangsorðanna komi eftirfarandi texti:  
„Þennan reit má aðeins fylla út með því að velja einn af fjórum eftirtöldum möguleikum“;
  - b) eftirfarandi bætist við:  
„(d) Schengen-ríkið (nota ber auðkennistafina í b-lið), sem gaf út landsbundna vegabréfsáritun til langrar dvalar + Schengen-ríkin“;
  - c) eftirfarandi skal bætt inn sem þriðja undirlið:  
„– Þegar miðinn er notaður til að gefa út landsbundna vegabréfsáritun til langrar dvalar, sem gildir samhliða sem samræmd vegabréfsáritun til stuttrar dvalar í þrjá mánuði eða skemur frá fyrsta gildistöku-degi, skal færa inn í þennan reit aðildarríkið, sem gaf út landsbundna vegabréfsáritun til langrar dvalar, og orðin „Schengen-ríkin“ þar á eftir.“
2. Eftirfarandi bætist við fyrstu undirgrein í þætti 1.7 varðandi reitinn „gerð vegabréfsáritunar“:  
„D + C: landsbundin vegabréfsáritun til langrar dvalar sem gildir samhliða sem vegabréfsáritun til stuttrar dvalar.“

## 3. gr.

Í 13. viðauka við Sameiginlegu fyrirmælin um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa og 6. viðauka a við Sameiginlegu handbókina skal bæta við, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun, dæmi um hvernig fylla beri út vegabréfsáritunarmiða við útgáfu landsbundinnar vegabréfsáritunar til langrar dvalar sem gildir samhliða sem samræmd vegabréfsáritun til stuttrar dvalar.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2001.

## 5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. maí 2001.

Fyrir hönd ráðsins,  
T. BODSTRÖM  
forseti.

1. In the second subparagraph of section 1.1, “valid for” heading:
  - (a) the introductory wording shall be replaced by the following:  
“This heading may only be completed in one of the following four ways:”;
  - (b) the following shall be added:  
“(d) Schengen State (using the abbreviations in (b)) which issued the national long-stay visa + Schengen States:”;
  - (c) The following shall be inserted as a third indent:  
“– When the sticker is used to issue a national long-stay visa valid concurrently as a uniform short-stay visa for a maximum period of three months from its initial date of validity, this heading is to be filled in with the Member State which issued the national long-stay visa, followed by ‘Schengen States’”.
2. The following shall be added to the first subparagraph of section 1.7, “type of visa” heading:  
“D + C: national long-stay visa valid concurrently as a short-stay visa”.

## Article 3

An example, as set out in the Annex to this Decision, of the method of filling in a visa-sticker for the issue of a national long-stay visa valid concurrently as a uniform short-stay visa shall be added to Annex 13 to the Common Consular Instructions on Visas and to Annex 6a of the Common Manual.

## Article 4

This Decision shall apply from 15 June 2001.

## Article 5

This Decision is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 28 May 2001.

For the Council  
The President  
T. Bodström

## VIÐAUKI

**Landsbundin vegabréfsáritun til langrar dvalar sem gildir samhliða sem vegabréfsáritun til stuttrar dvalar.**

## Dæmi 15.

- Í þessu tilviki skal færa í reitinn „GILDIR FYRIR“ auðkennisstafi landsins sem gaf út vegabréfsáritun til langrar dvalar + orðin „Schengen-ríkin“.
- Þetta dæmi sýnir landsbundna vegabréfsáritun til langrar dvalar sem Frakkland gefur út og gildir samhliða samræmdri vegabréfsáritun til stuttrar dvalar.
- Vegabréfsáritun til langrar dvalar, sem gildir samhliða sem vegabréfsáritun til stuttrar dvalar, hefur auðkenniskóðann D + C.

## ANNEX

**National Long-Stay Visa valid concurrently as a Short-Stay Visa**

## Example 15

- In this case, the “VALID FOR” heading is to be filled in with the code of the country which issued the long-stay visa + the words “Schengen States”.
- This example shows a national long-stay visa issued by France and valid concurrently as a uniform short-stay visa.
- A long-stay visa valid concurrently as a short-stay visa bears the identification code D + C.

**Fylgiskjal 2.**

**REGLUGERÐ RÁÐSINS  
(EB) nr. 1091/2001 frá 28. maí 2001  
um frjálsa för þeirra sem hafa  
vegabréfsáritun til langrar dvalar.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandagsins, einkum ii-lið b-liðar 2. mgr. 62. gr. og a-lið 3. mgr. 63. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði Lýðveldisins Frakklands<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit Evrópuþingsins<sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Liðið getur ákveðinn tími frá því að einstaklingur með landsbundna vegabréfsáritun til langrar dvalar kemur inn á yfirráðasvæði aðildarríkisins, sem gaf hana út, þangað til hann fær dvalarleyfi sem gefur honum frelsi til að fara um yfirráðasvæði hinna aðildarríkjanna.
- 2) Gera ber ráðstafanir til þess að greiða fyrir frjálsri för þeirra sem hafa landsbundna vegabréfsáritun til langrar dvalar, þar til dvalarleyfi þeirra hefur verið gefið út, með því að kveða á um að slíkar vegabréfsáritanir, sem nú heimila handhöfum einungis að fara einu sinni í gegnum yfirráðasvæði hinna aðildarríkjanna til að komast inn á yfirráðasvæði

**COUNCIL REGULATION  
(EC) No 1091/2001 of 28 May 2001  
on freedom of movement  
with a long-stay visa**

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Articles 62(2)(b)(ii) and 63(3)(a) thereof,

Having regard to the initiative of the French Republic<sup>(1)</sup>,

Having regard to the opinion of the European Parliament<sup>(2)</sup>,

Whereas:

- (1) There may be a time lag between the arrival in a Member State's territory of a person holding a national long-stay visa issued by that Member State and the moment when the person receives a residence permit enabling him or her to move freely in the other Member States' territories.
- (2) Steps should be taken to facilitate the free movement of holders of national long-stay visas pending the issue of their residence permits, by stipulating that such visas, which currently enable their holders to transit only once through the territories of the other Member States in order to reach the territory of the State which issued the visa, are con-

(1) Stjóð. EB C 200, 13.7.2000, bls. 4.

(2) Álit Evrópuþingsins frá 18.1.2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(1) OJ C 200, 13.7.2000, p. 4.

(2) Opinion of the European Parliament of 18.1.2001 (not yet published in the Official Journal).

Þessi ríkis sem gaf vegabréfsáritunina út, gildi samhliða sem samræmdar vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar, að því tilskildu að umsækjendur uppfylli komu- og dvalarskilyrði sem mælt er fyrir um í samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990.

- 3) Þessi ráðstöfun er fyrsta skrefið í átt til samræmingar á skilyrðum fyrir útgáfu landsbundinna vegabréfsáritana til langrar dvalar.
- 4) Því er rétt að breyta samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og Sameiginlegu fyrirmælunum um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa<sup>(3)</sup> til samræmis við það.
- 5) Þessi gerningur telst vera þróun á Schengen-réttarreglunum, í samræmi við bókunina sem samþættir Schengen-réttarreglurnar lagaramma Evrópusambandsins, eins og mælt er fyrir um hann í viðauka A við ákvörðun ráðsins 1999/435/EB um skilgreiningu Schengen-réttarreglnanna til að ákvarða, í samræmi við viðeigandi ákvæði stofnsáttmála Evrópubandalagsins og sáttmálans um Evrópusambandið, lagagrundvöll hvers og eins af ákvæðunum eða ákvörðunum sem mynda réttarreglurnar<sup>(4)</sup>.
- 6) Danmörk tekur ekki þátt í samþykkt þessa gernings, eins og kveðið er á um í 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og er því ekki bundin af honum eða beitingu hans. Þar eð þessum gerningi er ætlað að byggja á Schengen-réttarreglunum samkvæmt ákvæðum IV. bálks stofnsáttmála Evrópubandalagsins, í samræmi við 5. gr. framangreindrar bókunar, ber Danmörku að ákveða, innan sex mánaða frá því að ráðið hefur samþykkt þennan gerning, hvort hún muni taka hann upp í landslög.
- 7) Að því er varðar Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg telst þessi gerningur vera þróun á Schengen-réttarreglunum í skilningi samkomulags ráðs Evrópusambandsins og þessarar tveggja ríkja frá 18. maí 1999<sup>(5)</sup>.

currently valid as uniform short-stay visas, provided that the applicants fulfil the conditions of entry and residence laid down in the Convention implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985 signed at Schengen on 19 June 1990.

- (3) This measure is a first step in the harmonisation of the conditions for the issue of national long-stay visas.
- (4) The Convention implementing the Schengen Agreement and the Common Consular Instructions on Visas for the diplomatic missions and consular posts<sup>(3)</sup> should be amended accordingly.
- (5) This instrument constitutes a development of the Schengen acquis, in accordance with the Protocol integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union, as defined in Annex A to Council Decision 1999/435/EC concerning the definition of the Schengen acquis for the purpose of determining, in conformity with the relevant provisions of the Treaty establishing the European Community and the Treaty on European Union, the legal basis for each of the provisions or decisions which constitute the acquis<sup>(4)</sup>.
- (6) As provided for in Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not participating in the adoption of this instrument and, accordingly, is neither bound by it nor subject to its application. Given that the present instrument is intended to build upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of the Treaty establishing the European Community, Denmark, shall, in accordance with Article 5 of the Protocol, decide within a period of six months after the Council has adopted this instrument whether it will implement this decision in its national law.
- (7) In relation to the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, this instrument constitutes a development of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded on 18 May 1999 by the Council of the European Union with these two States<sup>(5)</sup>.

(3) Stjtuð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 318.

(4) Stjtuð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 1.

(5) Stjtuð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

(3) OJ L 239, 22.9.2000, p. 318.

(4) OJ L 176, 10.7.1999, p. 1.

(5) OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.

8) Breska konungsríkið og Írland munu ekki, í samræmi við 1. gr. bókunarinnar um afstöðu Breska konungsríkisins og Írlands sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, taka þátt í samþykkt þessa gernings. Þar af leiðandi, og með fyrirvara um 4. gr. þeirrar bókunar, gilda ákvæði þessa gernings hvorki að því er varðar Írland né Breska konungsríkið.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Í stað 18. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins komi eftirfarandi:

„18. gr.

Vegabréfsáritanir til lengri dvalar en þriggja mánaða eru landsbundnar áritanir sem einstök aðildarríki gefa út í samræmi við landslög sín. Slíkar vegabréfsáritanir skulu gilda samhliða sem samræmdar vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar, þó eigi lengur en í þrjá mánuði frá upphaflegum gildistökudegi þeirra, svo framarlega sem þær eru gefnar út á grundvelli sameiginlegra skilyrða og viðmiðana samkvæmt viðkomandi ákvæðum 1. þáttar 3. kafla og handhafar þeirra uppfylla komuskilyrðin sem um getur í a-, c-, d- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. Að öðrum kosti heimila vegabréfsáritanir af því tagi handhöfum einungis að fara í gegnum yfirráðasvæði hinna aðildarríkjanna til þess að komast inn á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem gaf vegabréfsáritunina út nema handhafar uppfylli ekki komuskilyrðin, sem um getur í a-, d- og e-liðum 1. mgr. 5. gr., eða séu á skrá yfir þá sem synja á um komu hjá því aðildarríki sem ræður yfirráðasvæðinu sem þeir óska eftir að fara í gegnum.“

##### 2. gr.

Í stað þáttar 2.2 í I. hluta Sameiginlegru fyrirmælanna um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa komi eftirfarandi:

„2.2. *Vegabréfsáritanir til langrar dvalar*

Vegabréfsáritanir til lengri dvalar en þriggja mánaða eru landsbundnar áritanir sem einstök aðildarríki gefa út í samræmi við landslög sín.

Slíkar vegabréfsáritanir skulu gilda samhliða sem samræmdar vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar, þó eigi lengur en í þrjá mánuði frá upphaflegum gildistökudegi þeirra, svo framarlega sem þær eru gefnar út á grundvelli sameiginlegra skilyrða og viðmiðana, samkvæmt viðkomandi

(8) Pursuant to Article 1 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Ireland and the United Kingdom are not participating in the adoption of this instrument. Consequently, and without prejudice to Article 4 of the said Protocol, the provisions of this instrument apply neither to Ireland nor to the United Kingdom,

#### HAS ADOPTED THIS REGULATION:

##### Article 1

Article 18 of the Convention implementing the Schengen Agreement shall be replaced by the following:

„Article 18

Visas for stays exceeding three months shall be national visas issued by one of the Member States in accordance with its national law. For a period of not more than three months from their initial date of validity such visas shall be valid concurrently as uniform short-stay visas, provided that they were issued in accordance with the common conditions and criteria adopted under or pursuant to the relevant provisions of Chapter 3, section 1 and their holders fulfil the entry conditions referred to in Article 5(1)(a), (c), (d) and (e). Otherwise, such visas shall merely enable their holders to transit through the territories of the other Member States in order to reach the territory of the Member State which issued the visa, unless the holders do not fulfil the entry conditions referred to in Article 5(1)(a), (d) and (e) or are on the national list of alerts of the Member State through whose territory they seek to transit.”

##### Article 2

Section 2.2 of Part I of the Common Consular Instructions on Visas shall be replaced by the following:

“2.2. *Long-stay visas*

Visas for visits exceeding three months shall be national visas issued by one of the Member States in accordance with its national legislation.

However, such visas shall, for a period of not more than three months from their initial date of validity, be valid concurrently as uniform short-stay visas, provided that they were issued in accordance with the common conditions and criteria adopted under or pursuant to the relevant

ákvæðum 1. þáttar 3. kafla samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins, og handhafar þeirra uppfylla komuskilyrðin, sem um getur í a-, c-, d- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. í fyrrnefndum samningi og tekin eru upp í IV. hluta þessara fyrirmæla. Að öðrum kosti heimila vegabréfsáritanir af því tagi handhöfum einungis að fara í gegnum yfirráðasvæði hinna aðildarríkjanna til þess að komast inn á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem gaf vegabréfsáritunina út nema handhafar uppfylli ekki komuskilyrðin, sem um getur í a-, d- og e-liðum 1. mgr. 5. gr., eða séu á skrá yfir þá sem synja á um komu hjá því aðildarríki sem ræður yfir yfirráðasvæðinu sem þeir óska eftir að fara í gegnum.“

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. maí 2001.

Fyrir hönd ráðsins,

T. BODSTRÖM  
forseti.

**Fylgiskjal 3.**

**TILSKIPUN RÁÐSINS 2001/40/EB  
frá 28. maí 2001 um gagnkvæma  
viðurkenningu á ákvörðunum um brottvísun  
ríkisborgara þriðju landa.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubanda-  
lagsins, einkum 3. mgr. 63. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Frakk-  
lands<sup>(1)</sup>,  
með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins<sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt ákvæðum sáttmálans skal ráðið

provisions of Chapter 3, section 1 of the Convention implementing the Schengen Agreement and their holders fulfil the entry conditions referred to in Article 5(1)(a), (c), (d) and (e) of the said Convention and reproduced in Part IV of these Instructions. Otherwise, such visas shall merely enable their holders to transit through the territories of the other Contracting Parties in order to reach the territory of the Member State which issued the visa, unless the holders do not fulfil the entry conditions referred to in Article 5(1)(a), (d) and (e) of the Convention implementing the Schengen Agreement or are on the national list of alerts of the Member State through whose territory they seek to transit.”

## Article 3

This Regulation shall enter into force on the day following that of its publication in the *Official Journal of the European Communities*.

This regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in all Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 28 May 2001.

For the Council

The President  
T. Bodström

**COUNCIL DIRECTIVE 2001/40/EC  
of 28 May 2001 on the mutual recognition  
of decisions on the expulsion of third coun-  
try nationals**

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,  
Having regard to the Treaty establishing the  
European Community, and in particular Article  
63(3) thereof,

Having regard to the initiative of the French  
Republic<sup>(1)</sup>,

Having regard to the opinion of the European  
Parliament<sup>(2)</sup>,

Whereas:

- (1) The Treaty stipulates that the Council is to

(1) Stjttíð. EB C 243, 24.8.2000, bls. 1.

(2) Áliti var skilað 13. mars 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(1) OJ C 243, 24.8.2000, p. 1.

(2) Opinion delivered on 13 March 2001 (not yet published in the Official Journal).



- samþykkja ráðstafanir varðandi stefnu í mál-efnum innflytjenda á sviðum er varða komu- og dvalarskilyrði sem og ólöglegan innflutning fólks og ólöglega búsetu.
- 2) Á fundi sínum í Tampere 15. og 16. október 1999 áréttaði leiðtoga ráðið þann ásetning sinn að skapa svæði þar sem ríkir frelsi, öryggi og réttlæti. Til að svo megi verða þarf sameiginleg, evrópsk stefna um hæliseiðingur og fólksflutninga bæði að miða að sanngjarnri meðferð ríkisborgara þriðju landa og betri stjórn á straumi innflytjenda.
  - 3) Forsendan fyrir því að unnt sé að tryggja að ákvörðunum um brottvísun sé framfylgt með skilvirkari hætti og að komið verði á betra samstarfi milli aðildarríkjanna er gagnkvæm viðurkenning á ákvörðunum um brottvísun.
  - 4) Ákvarðanir um brottvísun ríkisborgara þriðju landa skulu teknar í samræmi við grundvallarréttindin, sem tryggð eru í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, einkum 3. og 8. gr., og Genfarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og eins og þau leiðir af sameiginlegum, stjórnskipulegum meginreglum aðildarríkjanna.
  - 5) Í samræmi við dreifræðisregluna geta aðildarríkin ekki náð nægilega vel markmiðinu með fyrirhugaðri aðgerð, þ.e. samstarfi milli aðildarríkjanna um brottvísun ríkisborgara þriðju landa, og það er því, vegna þess hve fyrirhuguð aðgerð hefur mikil áhrif, frekar á færi bandalagsins. Með þessari tilskipun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði.
  - 6) Í bréfi, dagsettu 18. október 2000, tilkynnti Breska konungsríkið, í samræmi við 3. gr. bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, að það óskaði eftir því að taka þátt í samþykkt og beitingu þessarar tilskipunar.
  - 7) Danmörk tekur ekki þátt í samþykkt þessarar tilskipunar í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og er því ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessari tilskipun er ætlað að þróa Schengen-réttarreglurnar, samkvæmt ákvæðum IV. bóls stofnsáttmála Evrópu-
- adopt measures on immigration policy within areas comprising conditions of entry and residence as well as illegal immigration and illegal residence.
- (2) The Tampere European Council on 15 and 16 October 1999 reaffirmed its resolve to create an area of freedom, security and justice. For that purpose, a common European policy on asylum and migration should aim both at fair treatment of third country nationals and better management of migration flows.
  - (3) The need to ensure greater effectiveness in enforcing expulsion decisions and better cooperation between Member States entails mutual recognition of expulsion decisions.
  - (4) Decisions on the expulsion of third country nationals have to be adopted in accordance with fundamental rights, as safeguarded by the European Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms of 4 November 1950, in particular Articles 3 and 8 thereof, and the Geneva Convention relating to the Status of Refugees of 28 July 1951 and as they result from the constitutional principles common to the Member States.
  - (5) In accordance with the principle of subsidiarity, the objective of the proposed action, namely cooperation between Member States on expulsion of third country nationals, cannot be sufficiently achieved by the Member States and can therefore, by reason of the effects of the envisaged action, be better achieved by the Community. This Directive does not go beyond what is necessary to achieve that objective
  - (6) In accordance with Article 3 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, the United Kingdom has given notice by letter of 18 October 2000 of its wish to take part in the adoption and application of this Directive.
  - (7) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, Denmark is not participating in the adoption of this Directive, and is therefore not bound by it or subject to its application. Given that this Directive aims to build upon the Schengen *acquis* under the provisions of

bandalagsins, í samræmi við 5. gr. framan-greindrar bókunar, ber Danmörku að ákveða, innan sex mánaða frá því að ráðið hefur samþykkt tilskipun þessa, hvort hún verði tekin upp í landslög.

- 8) Að því er varðar Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg telst þessi tilskipun vera þróun á Schengen-réttarreglunum í skilningi samkomulags ráðs Evrópusambandsins og þessara tveggja ríkja frá 18. maí 1999. Samkvæmt málsmeðferðinni, sem kveðið er á um í samkomulaginu, gilda þau réttindi og skyldur, sem leiðir af þessari tilskipun, einnig að því er þessi tvö ríki varðar, og í samskiptum þessara tveggja ríkja og þeirra aðildarríkja Evrópubandalagsins sem þessari tilskipun er beint til.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að viðurkenna megi ákvörðun um brottvísun, sem lögbært yfirvald í einu aðildarríki, hér á eftir nefnt „ákvörðunaraðildarríki“, gefur út vegna ríkisborgara þriðja lands sem er staddur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, hér á eftir nefnt „fullnustuaðildarríki“, án þess að það hafi áhrif á þær skyldur sem leiðir af 23. gr. og á beitingu 96. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985, sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990, hér á eftir nefndur „Schengen-samningurinn“.
2. Sérhverri ákvörðun, sem tekin er skv. 1. mgr., skal framfylgt samkvæmt gildandi lögum í fullnustuaðildarríkinu.
3. Tilskipun þessi gildir ekki um aðstandendur ríkisborgara í Evrópusambandinu sem hafa nýtt sér rétt sinn til frjálstrar farar.

##### 2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „ríkisborgari þriðja lands“: hver sá sem ekki er ríkisborgari í aðildarríki;
- b) „ákvörðun um brottvísun“: sérhver ákvörðun lögbærs stjórnvalds ákvörðunaraðildarríkis um brottvísun;

Title IV of the Treaty establishing the European Community, in accordance with Article 5 of the abovementioned Protocol, Denmark will decide within a period of six months after the Council has adopted this Directive whether it will transpose this decision into its national law.

- (8) As regards the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, this Directive constitutes a development of the Schengen acquis within the meaning of the agreement concluded on 18 May 1999 between the Council of the European Union and those two States. As a result of the procedures laid down in the agreement, the rights and obligations arising from this Directive should also apply to those two States and in relations between those two States and the Member States of the European Community to which this Directive is addressed,

#### HAS ADOPTED THIS DIRECTIVE:

##### Article 1

1. Without prejudice to the obligations arising from Article 23 and to the application of Article 96 of the Convention implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985, signed at Schengen on 19 June 1990, hereinafter referred to as the “Schengen Convention”, the purpose of this Directive is to make possible the recognition of an expulsion decision issued by a competent authority in one Member State, hereinafter referred to as the “issuing Member State”, against a third country national present within the territory of another Member State, hereinafter referred to as the “enforcing Member State”.
2. Any decision taken pursuant to paragraph 1 shall be implemented according to the applicable legislation of the enforcing Member State.
3. This Directive shall not apply to family members of citizens of the Union who have exercised their right of free movement.

##### Article 2

For the purposes of this Directive,

- (a) “third country national” shall mean anyone who is not a national of any of the Member States;
- (b) “expulsion decision” shall mean any decision which orders an expulsion taken by a competent administrative authority of an issuing Member State;

- c) „fullnusturáðstöfun“: hver sú ráðstöfun sem fullnustuaðildarríki grípur til í því skyni að framfylgja ákvörðun um brottvísun.

### 3. gr.

1. Brottvísunin, sem um getur í 1. gr., gildir í eftirfarandi tilvikum:
  - a) ákvörðun er tekin um brottvísun ríkisborgara þriðja lands, vegna þess að af honum stafar alvarleg ógnun við allsherjarreglu eða þjóðaröryggi, í eftirfarandi tilvikum:
    - ákvörðunaraðildarríki hefur sakfelld ríkisborgara þriðja lands fyrir afbrot sem varðar a.m.k. eins árs frjálshæðissviptingu,
    - rökstuddur grunur er um það að ríkisborgari þriðja lands hafi framið alvarlegan, refsiverðan verknað eða fyrir liggja sterkar sannanir fyrir ásetningi hans um að fremja slíkan verknað á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

Hafi viðkomandi einstaklingur dvalarleyfi, útgefið af fullnustuaðildarríkinu eða öðru aðildarríki, skal fullnusturíkið, með fyrirvara um 2. mgr. 25. gr. Schengensamningsins, hafa samráð við ákvörðunarríkið og ríkið sem gaf út leyfið. Sé tekin ákvörðun um brottvísun samkvæmt þessum lið er heimilt að afturkalla dvalarleyfi ef landslög ríkisins, sem gaf út leyfið, heimila það;
  - b) ákvörðun er tekin um brottvísun ríkisborgara þriðja lands vegna þess að hann uppfyllir ekki innlendar reglur um komu eða búsetu útlendinga.

Í tilvikunum tveimur, sem um getur í a- og b-liðum, má ákvörðunaraðildarríkið ekki hafa frestað ákvörðuninni um brottvísun eða afturkallað hana.
2. Aðildarríkin skulu virða á tilhlýðilegan hátt mannréttindi og grundvallarréttindi við beiðingu þessarar tilskipunar.
3. Beiðing þessarar tilskipunar skal ekki hafa áhrif á ákvæði samningsins um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna og samninga milli aðildarríkja um endurviðtöku.

- (c) “enforcement measure” shall mean any measure taken by the enforcing Member State with a view to implementing an expulsion decision.

### Article 3

1. The expulsion referred to in Article 1 shall apply to the following cases:
  - (a) a third country national is the subject of an expulsion decision based on a serious and present threat to public order or to national security and safety, taken in the following cases:
    - conviction of a third country national by the issuing Member State for an offence punishable by a penalty involving deprivation of liberty of at least one year,
    - the existence of serious grounds for believing that a third country national has committed serious criminal offences or the existence of solid evidence of his intention to commit such offences within the territory of a Member State.

Without prejudice to Article 25(2) of the Schengen Convention, if the person concerned holds a residence permit issued by the enforcing Member State or by another Member State, the enforcing State shall consult the issuing State and the State which issued the permit. The existence of an expulsion decision taken under this point shall allow for the residence permit to be withdrawn if this is authorised by the national legislation of the State which issued the permit;
  - (b) a third country national is the subject of an expulsion decision based on failure to comply with national rules on the entry or residence of aliens.

In the two cases referred to in (a) and (b), the expulsion decision must not have been rescinded or suspended by the issuing Member State.
2. Member States shall apply this Directive with due respect for human rights and fundamental freedoms.
3. This Directive shall be applied without prejudice to the provisions of the Convention Determining the State Responsible for Examining Applications for Asylum Lodged in one of the Member States of the European Communities and readmission agreements between Member States.

## 4. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að viðkomandi ríkisborgari þriðja lands geti, í samræmi við löggjöf fullnustuaðildarríkisins, áfrýjað hverri ráðstöfun sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

## 5. gr.

Tryggja ber verndun persónuupplýsinga og gagnaöryggi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(3)</sup>.

Skrár með persónuupplýsingum skulu, án þess að það hafi áhrif á 101. og 102. gr. Schengen-samningsins, eingöngu notaðar innan ramma þessarar tilskipunar í þeim tilgangi sem hér er tilgreindur.

## 6. gr.

Yfirvöld ákvörðunaraðildarríkisins og fullnustuaðildarríkisins skulu nýta allar viðeigandi leiðir til samstarfs og upplýsingaskipta við framkvæmd þessarar tilskipunar.

Ákvörðunaraðildarríkið skal láta fullnustuaðildarríkinu í té öll skjöl sem þörf er á til að votta að áfram megi framfylgja ákvörðun, eins skjótt og mögulegt er, eftir því sem við á í samræmi við viðeigandi ákvæði SIRENE-handbókarinnar.

Fullnustuaðildarríkið skal byrja á því að rannsaka aðstæður viðkomandi einstaklings til að tryggja að framkvæmd ákvörðunarinnar um brottvísun brjóti hvorki í bága við viðkomandi alþjóðasamninga né gildandi, innlendar reglur.

Eftir að fullnusturáðstöfun hefur verið framkvæmd skal fullnustuaðildarríkið tilkynna ákvörðunaraðildarríki um það.

## 7. gr.

Aðildarríkin skulu jafna sín á milli þann mismun á kostnaði sem getur leitt af beitingu þessarar tilskipunar ef brottvísun getur ekki farið fram á kostnað viðkomandi ríkisborgara þriðja lands.

Til að unnt sé að framkvæma þessa grein skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja viðeigandi viðmiðanir og tilhögun fyrir 2. desember 2002. Þessar viðmiðanir og tilhögun skulu einnig gilda um framkvæmd 24. gr. Schengen-samningsins.

## Article 4

The Member States shall ensure that the third country national concerned may, in accordance with the enforcing Member State's legislation, bring proceedings for a remedy against any measure referred to in Article 1(2).

## Article 5

Protection of personal data and data security shall be ensured in accordance with Directive 95/46/EC of the European Parliament and of the Council of 24 October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data<sup>(3)</sup>.

Without prejudice to Articles 101 and 102 of the Schengen Convention, personal data files shall be used in the context of this Directive only for the purposes laid down therein.

## Article 6

The authorities of the issuing Member State and of the enforcing Member State shall make use of all appropriate means of cooperation and of exchanging information to implement this Directive.

The issuing Member State shall provide the enforcing Member State with all documents needed to certify the continued enforceability of the decision by the fastest appropriate means, where appropriate in accordance with the relevant provisions of the SIRENE Manual.

The enforcing Member State shall first examine the situation of the person concerned to ensure that neither the relevant international instruments nor the national rules applicable conflict with the enforcement of the expulsion decision.

After implementation of the enforcement measure, the enforcing Member State shall inform the issuing Member State.

## Article 7

Member States shall compensate each other for any financial imbalances which may result from application of this Directive where expulsion cannot be effected at the expense of the national(s) of the third country concerned.

In order to enable this Article to be implemented, the Council, acting on a proposal from the Commission, shall adopt appropriate criteria and practical arrangements before 2 December 2002. These criteria and practical arrangements shall also apply to the implementation of Article 24 of the Schengen Convention.

(3) Stjóð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

(3) OJ L 281, 23.11.1995, p. 31.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 2. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.  
Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

9. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. maí 2001.

Fyrir hönd ráðsins,  
T. BODSTRÖM  
forseti.

Article 8

1. Member States shall bring into force the laws, regulations and administrative provisions necessary to comply with this Directive not later than 2 December 2002. They shall forthwith inform the Commission thereof.  
When Member States adopt these measures, they shall contain a reference to this Directive or shall be accompanied by such reference on the occasion of their official publication. The methods of making such reference shall be laid down by Member States.
2. Member States shall communicate to the Commission the text of the main provisions of domestic law which they adopt in the field governed by this Directive.

Article 9

This Directive shall enter into force the day of its publication in *the Official Journal of the European Communities*.

Article 10

This Directive is addressed to the Member States, in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 28 May 2001.

For the Council  
The President  
T. Bodström